

Marpól ehf.  
Laufbrekku 24  
200 Kópavogur

Reykjavík, 28. apríl 2021  
UST202003-527/B.B.B.  
07.05.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 28. október 2019 þar sem kynnt var eftirlit með flokkun, merkingum, umbúðum, öryggisblöðum og skráningu hættulegra efna sem framleiddar eru hér á landi.

Marpól ehf. var ábyrgt fyrir markaðssetningu varanna Hágæða Gler & yfirborðshreinsir (550 mL) og Hágæða Lyktareyðir (550 mL) hérlandis og leiddi skoðun á þeim í ljós frávik varðandi flokkun, merkingu umbúða og öryggisblöð. Einnig vantaði staðfestingu á skráningu efna í vörunum. Marpól ehf. ákvað að hætta markaðssetningu varanna hér á landi.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með Hágæða Gler & yfirborðshreinsir (550 mL) og Hágæða Lyktareyðir (550 mL) og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreindar vörur. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Marpól ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur